

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitugjald og tæmingu rotþróa í Sveitarfélaginu Árborg.

#### 1. gr.

Sveitarfélagið Árborg innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari og II. kafla í samþykkt nr. 126/2004 um fráveitur í Sveitarfélaginu Árborg.

#### 2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins hefur verið ákvarðað í gjaldskrá fyrir gatnagerðargjöld, stofngjöld holræsa, stofngjald vatnsveitu, byggingarleyfis- og þjónustugjöld í Sveitarfélaginu Árborg nr. 790/2003.

#### 3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,20% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

#### 4. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja rotþró skal vera eftirfarandi fyrir hverja losun fyrir sig:

| <i>Stærð rotþróar í lítrum</i> | <i>Rotþróargjald í kr.</i>    |
|--------------------------------|-------------------------------|
| <4.000                         | 13.000                        |
| 4.001-6.000                    | 15.000                        |
| 6.001-8.000                    | 17.000                        |
| 8.001-10.000                   | 21.000                        |
| >10.000                        | 2.000 kr. per umfram rúmmetra |

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra. Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 1.750.

#### 5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Árborgar staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast gildi við birtingu og til efturbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Samþykkt af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 30. janúar 2004.

*Selfossi, 9. febrúar 2004.*

**Einar Njálsson** bæjarstjóri.